

# STJÓRNARTÍÐINDI B 38 – 2001

---

4. apríl 2001

623

Nr. 277

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Kópavogi.

*Knatthús Smáranum. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 20. febrúar 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi Knatthúss á sandgrasvelli vestan við Smárann í Kópavogsdal.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Fjallalind 147. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 27. febrúar 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 147 við Fjallalind. Í breytingunni felst heimild fyrir aukaíbúð í kjallara.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 4. apríl 2001.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.